



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1305  
komudagur. 19.3.2009

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10,  150 Reykjavík.	18. mars 2009	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 13. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, 411. mál.

Til svars erindinu skal eftirfarandi tekið fram:

1. Vegna ákvæða d. liðar 2.gr. og b. liðar 8. gr. frumvarpsins er rétt að minna á að sérstakar reglur um sölu á eignarhlutum ríkissjóðs í hlutafélögum hafa ekki verið lögfestar. Í því efni hefur verið stuðst við verklagsreglur ríkisstjórnarinnar frá árinu 1996 um útboð og sölu ríkisfyrirtækja. Að mati Ríkisendurskoðunar er æskilegra að reglur um sölu á eignarhlutum ríkisins í félögum séu lögfestar fremur en að byggja á reglugerð, einkum ef lagaákvæðið, sem reglugerðarheimildin byggir á, veitir enga tilsögn um það hvaða sjónarmið skuli leggja til grundvallar við setningu hennar.
2. Að mati Ríkisendurskoðunar mættu fyrirmæli 5. gr. laganna að ósekju vera skýrari um það hvort almenn ákvæði hlutafélagalaga skuli gilda um stjórnarkjör. Er t.d. gert ráð fyrir því að aðrir en fjármálaráðherra eigi rétt á að tilnefna menn til stjórnarsetu.
3. Með vísan til 2. mgr. 6.gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun mun endurskoðun ársreikninga hins fyrirhugaða félags verða í höndum stofnunarinnar. Af þessum sökum kann það að þykja óheppilegt að stofnuninni verði einnig falið að meta fjárþörf þess í upphafi. Ætla má t.d. að Ríkisendurskoðun muni árita stofnefnahagsreikning félagsins verði að stofnun þess.

Aðrar athugasemdir en að ofan greinir gerir stofnunin ekki við frumvarpið enda tíminn sem gefinn er til að skila umsögn ákaflega skammur.

*Erindur*